



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid(hja)althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 140/1369
komudagur 5.3.2012

Fjarðabyggð, 05. mars 2012
Tilvísun 1202032/14.0

Umsögn Fjarðabyggðar um „Þingskjal 533“, mál nr. 392 og þingskjal 534 mál nr. 393.

Í þessari umsögn mun Fjarðabyggð færa gild rök fyrir nauðsyn þess að flýta þurfi gerð Norðfjarðaganga verulega og hefja verkframkvæmdir ekki síðar en árið 2013. Einnig að flýta þurfi vinnu við Suðurfjarðaveg frá því sem nú er ráðgert.

Inngangur

Í þingskjali 534 er m.a. fjallað um öryggi í samgöngum og sagt að stefnt verði markvisst að því að auka öryggi í samgöngum og draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum og banaslysum. Þar er einnig fjallað sérstaklega um markmið um jákvæða byggðapróun þ.e. að samgöngur tengi saman fólk og byggðir.

Vegna sérstöðu Fjarðabyggðar þykir rétt að benda á eftirfarandi áhersluþætti samgönguáætlunar 2011 til 2022:

- Fólks- og vöruflutningar innan og á milli svæða verði bættir.
- Sköpuð verði skilyrði fyrir flesta landsmenn til að komast til atvinnu- og þjónustukjarna á innan við einni klukkustund.
- Skilgreindir verði atvinnu- og þjónustukjarnar landsins í sóknaráætlunum landshluta og landsskipulagsstefnu.
- Samgöngur styrki uppbyggingu og þróun þjónustusvæða í öllum landshlutum.
- Skilgreindar verði hafnir og flugvellir sem tryggi greiðar samgöngur til og frá landinu.

Iðnaðarsvæðið við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði er miðja flutninga og atvinnulífs á Austurlandi. Þaðan eru mestir flutningar og þangað sækja flestir vinnu. Önnur flutningsmiðja er Egilsstaðaflugvöllur, þaðan ferðast menn til og frá Austurlandi en ekki milli byggðakjarna fjórðungsins.

Það er mat Fjarðabyggðar að nauðsynlegt sé að styrkja samgöngukerfið við iðnaðarsvæðið við Mjóeyrarhöfn til Norðfjarðar, suðurfirði og Egilsstaði.



Norðfjarðarvegur og Norðfjarðargöng

Núverandi Oddsskarðsgöng eru slysaöld. Um er að ræða einbreið göng með blindhæð og reglulega hrynur stórgrýti úr gangalofinu. Oddsskarðsvegur að göngum, beggja vegna, er einnig hættulegur enda með allt að 13% halla og mörgum kröppum og erfiðum beygjum. Nú til dags leitast Vegagerðin við að veghalli fari ekki yfir 7%. Vegna veghallans og hinna ófullkomnu ganga skapast oft hætta og erfiðleikar á Oddsskarði. Flutningabílar eiga oft í vanda í brekkunum og þegar stórir bílar eiga leið um göngin veldur það mikilli hættu og oft þurfa bílar að bakka í göngunum og getur óvant fólk lent í miklum erfiðleikum vegna þessa. Þá lenda flutningabílar oft í vandræðum vegna þess hve göngin eru lág og þröng. Litlu munaði að stórslys yrði á veginum um Oddsskarð þann 23. febrúar sl. þegar rúta með átta farþegum fór útaf og valt niður snarbratta hlið.

Lengi hefur verið rætt um nauðsyn nýrra Norðfjarðarganga en framkvæmdin uppfyllir mjög hratt markmið samgönguáætlunar um hagkvæmar samgöngur, umhverfislegar sjálfbærar samgöngur, markmið um öryggi í samgöngum og markmið um jákvæða byggðabróun.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2009-2011 segir: *Í gildandi vegaáætlun var gert ráð fyrir að framkvæmdir við Norðfjarðargöng hefust 2009 en nú er gert ráð fyrir að þær hefjist 2011. Gert er ráð fyrir 220 millj. kr. framlagi 2011 og 1.174 millj. kr. 2012.* Í þessari samgönguáætlun var framkvæmdum við Norðfjarðargöng frestað um tvö ár. Í drögum að nýrri samgönguáætlun er framkvæmdum við göngin frestað verulega, eða fram á tímabilið 2015-2018. Þessi seinkun framkvæmda er algjörlega óviðunandi enda um að ræða hættulegasta veg landsins, samkvæmt niðurstöðum könnunar um „Slys á hættulegustu vegum landsins“ sem birtist í öðru tölublaði Læknablaðsins 2012.

Samkvæmt samgönguáætlun 2011-2022 eru Norðfjarðargöng næstu jarðgöng sem gerð verða á Íslandi. Mikil sátt virðist ríkja um þessa framkvæmd en þingmenn úr öllum flokkum í Norðausturskjördæmi hafa lýst því yfir að ný Norðfjarðargöng séu forgangsverkefni og Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur ítrekað lagt áherslu á mikilvægi Norðfjarðarganga og styður eindregið gerð þeirra.

Fjarðabyggð er eitt mikilvægasta svæði landsins í efnahagslegu tilliti. Um það bil 23% af vöruútflutningi þjóðarinnar er skipað út í Fjarðabyggð og Mjóeyrarhöfn er önnur stærsta útflutningshöfn landsins. Besti stuðningur við verðmætasköpun á svæðinu er að gera flutningsleiðir ásættanlegar innan svæðisins.

Í Neskaupstað er sú höfn sem tekur á móti mestum fiskafla íslenskra hafna (182.860 tonn árið 2011). Þar kemur á land 14,3% af heildarkvóta landsmanna en í Fjarðabyggð í heild kemur á land 22,4% af heildarkvótanum. Í Neskaupstað fer fram mikil fiskvinnsla, einkum á uppsjávarfiski, og þar eru stærstu frystigeymslur landsins fyrir sjávarafurðir. Griðarlega miklir flutningar sjávarafurða eiga sér stað frá Neskaupstað og allir þeir flutningar sem fara fram á landi fara yfir Oddsskarð (Um 25.000 tonn árið 2011). Því er mikil umferð flutningabíla yfir fjallveginn og í gegnum hin ófullkomnu Oddsskarðsgöng.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að byggja upp eitt þjónustu- og atvinnusvæði á miðfjörðum Austfjarða. Það hefur ekki síst verið gert með sameiningu sveitarfélaga og markvissri uppbyggingu atvinnulífs. Fjarðabyggð (eldri) varð til 1998 og Fjarðabyggð (yngri) 2006. Í



síðasta sameiningarátaki ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2005 var efnt til atkvæðagreiðslu um 16 sameiningarkosti – sameining var einungis samþykkt í einu tilviki þ.e. í Fjarðabyggð. Þau fyrirheit voru gefin að samgönguframkvæmdir á þeim svæðum sem sýndu vilja til að byggja upp öflugri þjónustu- og atvinnusvæði hefðu forgang.

Vegurinn um Oddsskarð er helsta hindrun þess að hægt sé að þróa Fjarðabyggð og eða Mið-Austurland sem eitt þjónustu- og atvinnusvæði. Íbúar Fjarðabyggðar eru nú um 4.600 og Neskaupstaður, fjölmennasti byggðarkjarni svæðisins, er norðan Oddsskarðs.

Í Neskaupstað eru:

- Ýmsar lykilstofnanir sveitarfélagsins og Austurlands alls.
- Öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landshlutans.
- Fjórðungssjúkrahús Austurlands, eina deildaskipta sjúkrahúsið í landshlutanum með einu fæðingarveildin á Austurlandi og einu skurðeildina.
- Verkmenntaskóli Austurlands, eini skólinn á svæðinu frá Akureyri til Selfoss sem býður upp á nám á iðnbrautum.

Sjúkraflutningar og flutningar með þungaðar konur yfir Oddsskarð eiga sér stað alla daga ársins. Yfir Oddsskarð fara fram miklar almenningsamgöngur, s.s. skólaakstur nemenda Verkmenntaskólans, akstur með börn á íþróttæfingar í Fjarðabyggðarhöllina á Reyðarfirði, akstur með starfsmenn Alcoa Fjarðaáls og annarra starfsmanna á hafnar­svæði Mjóeyrarhafnar og almenningsakstur með viðkomu á flugvelli­num á Egilsstöðum. Tugir þúsunda farþega eru fluttir yfir þennan hættulegasta veg landsins á ári hverju, oft við erfiðar aðstæður. Ekkert getur minnkað líkurnar á stórslysi annað en nýr vegur og ný göng.

Það er óviðunandi fyrir íbúa Fjarðabyggðar að innan sveitarfélagsins sé jafn mikil samgönguhindrun og vegurinn um Oddsskarð. Vegurinn gerir sveitarfélaginu erfitt um vik að taka á samfélagslegum vanda svæðisins s.s. staðbundnu atvinnuleysi kvenna. Konur eru í meirihluta atvinnulausra sunnan Oddsskarðs en öflugir kvennavinnustaðir eru norðan skarðs sem konur veigra sér við að sækja vegna erfiðra og hættulegra samgangna.

Umferð um Oddsskarð hefur aukist mjög mikið á síðustu árum ekki síst vegna uppbyggingar iðnaðar- og hafnar­svæðisins við Mjóeyrarhöfn og stækkunar sveitarfélagsins sem hefur kallað á aukið samstarf á fjölmörgum sviðum. Sem dæmi eru hér umferðartölur frá árunum 2003, 2008 og 2010:

	Árdagsumferð	Sumardagsumferð	Vetrardagsumferð
2003	328	424	251
2008	496	574	452
2010	436	526	386

Eins og sést á þessum tölum þá er ekki mikill munur á sumar- og vetrarumferð enda um að ræða veg sem tengir byggðakjarna sveitarfélagsins.

Suðurfjarðarvegur

Á Suðurfjarðarvegi eru nokkrir mjög hættulegir kaflar eins og bent hefur verið á í nýlegri greinargerð „Slys á hættulegustu vegum landsins“. Þar kemur fram að hættulegasti vegkafl­i landsins er frá Stöðvarfirði í suðri til Norðfjarðar í norðri. Samkvæmt skýrslunni er vegurinn

Þú ert á góðum stað



sem tengir hverfi Fjarðabyggðar sá hættulegasti á landinu. Umferð um þessa vegi hefur aukist mikið en viðhald og endurbygging þeirra að sama skapi ekki. Að stærstum hluta er Suðurfjarðavegur óbreyttur frá því hann var fyrst uppbyggður á veglínu þáverandi malarveggar. Frá Reyðarfirði til Breiðdalsvíkur eru til að mynda fjórar einbreiðar brýr og tvær þeirra eru sérlega hættulegar þar sem þær mynda blindhæðir á þjóðveginum.

Hér á eftir er farið yfir þessa kafla í þeirri forgangsröð sem áður hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar og komið hefur verið á framfæri við ráðherra og vegamálastjóra.

Breyting í botni Reyðarfjarðar

Með breytingu á vegi um botn Reyðarfjarðar í samræmi við veglínu sem er í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 fellur út einbreið brú með blindhæð. Að auki styttest leiðin frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar um 3 km. Áætlaður kostnaður Vegagerðarinnar við framkvæmdina árið 2010 var um 290 millj. kr. og þá var gert ráð fyrir að sparnaður vegfarenda yrði 30 millj. kr á ári vegna vegstyttingar án þess að tekið væri tillit til styttri ferðatíma. Miðað við hækkun á olíuverði frá þessum tíma má gera ráð fyrir að þessi sparnaður sé enn meiri. Ljóst er að þessi framkvæmd er mjög hagkvæm þar sem hún borgar sig upp á 10 árum miðað við framangreindar forsendur.

Meðfylgjandi eru umferðartölur á kaflanum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eftir að Fáskrúðsfjarðargöng voru opnuð síðsumars 2005:

	Árdagsumferð	Sumardagsumferð	Vetrardagsumferð
2005	375	473	294
2008	588	717	507
2010	561	697	464

Breyting í botni Fáskrúðsfjarðar

Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er gert ráð fyrir breyttri veglínu um botn Fáskrúðsfjarðar en þessi vegkafla er á samgönguáætlun. Með breytingunni fara út tvær einbreiðar brýr, þar af önnur bæði með blindhæð og hættulegri vinkilbeygju. Vegstytting frá Reyðarfirði til Stöðvarfjarðar er innan við 1 km. Áætlaður kostnaður Vegagerðarinnar árið 2010 var um 260 millj. kr. en gert var ráð fyrir að sparnaður vegfarenda yrði 8 millj. kr á ári eingöngu vegna vegstyttingar.

Breyting á suðurströnd Fáskrúðsfjarðar

Vegurinn er einn hættulegasti vegkafla landsins, mikið er um blindhæðir og vegurinn mjög mjór þar sem hann var lagður yfir áður gerðan malarveg án endurbyggingar. Áætlaður kostnaður við endurgerð er um 600 millj. kr. Endurgerðin hefur ekki í för með sér vegstyttingu en eykur umferðaröryggi verulega.

Meðfylgjandi eru umferðartölur á milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar, sömuleiðis eftir opnun Fáskrúðsfjarðaganga:



	Árdagsumferð	Sumardagsumferð	Vetrardagsumferð
2005	274	375	202
2008	340	488	260
2010	309	427	224

Breyting á botni Stöðvarfjarðar

Í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er gerð ný veglína í botni Stöðvarfjarðar og þar með hverfur síðasta einbreiða brúin á þessum vegakafli og einnig fer út mjög brött brekka sunnan við núverandi brú. Áætlaður kostnaður við þessa breytingu er 300 millj. kr. en lítilsháttar vegstytting verður við þessa breytingu.

Ljóst er að mikið verk er óunnið á aðalsamgönguleið suðurfjarðanna við athafnasvæðið á Reyðarfirði og ljóst að úrbætur þola ekki bið fram til ársins 2019 eins og gert er ráð fyrir í tillögu að samgönguáætlun. Samtals má gera ráð fyrir að heildarvegstytting suðurfjarða við miðsvæðið á Reyðarfirði sé á milli 4 eða 5 km. Heildarkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar að framtíðarvegi sem stenst öryggiskröfur sem gerðar eru til vega í flokki C8 (8 metra breiður) er 2,1 milljarður. Núverandi vegkaflar eru yfirleitt C6 eða C6,5. Það er með öllu óásættanlegt, þar sem umrædd leið er aðalflutningsleið til og frá Mið – Austurlandi og þar af leiðandi umferð stórra ökutækja mikill.

Önnur mikilvæg mál

Mikilvægt er að lagt verði slitlag á Norðfjarðarflugvöll m.a. vegna mikilvægi vallarins við starfsemi fjórðungssjúkrahúsins í Neskaupstað.


Þá er ítrekað mikilvægi samgangna við Mjóafjörð og siglingar áætlunarbáts þangað ásamt því að mikilvægt er að ríkisvaldið standi vel við bakið á sveitarfélögum þegar kemur að rekstri almenningsamgangna.

Lokaorð

Eins og framan greinir telur bæjarstjórn Fjarðabyggðar það forgangsmál að flýta gerð Norðfjarðagangna á forsendum aukins umferðaröryggis, jákvæðrar byggðaþróunar og mikilvægi atvinnusvæðisins fyrir alla þjóðina.

Þá er uppbygging Suðurfjarðavegar mikilvæg í ljósi umferðaröryggis og styttingar á leiðum til miðsvæðis Austfjarða.

Það er von bæjarstjórnar Fjarðabyggðar að tekið verði tillit til óska sveitarfélagsins sem birtast í þessari umsögn en hún var tekin fyrir og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar á fundi 1.mars 2012.


f.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar
Páll Björgvin Guðmundsson
bæjarstjóri